

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um almenna skoðun ökutækja,
nr. 559 31. desember 1993.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Eftirtalin ökutæki skal skoða árlega almennri skoðun frá og með næsta ári eftir skráningu:

- a. Sendibifreiðir.
- b. Vörubifreiðir.
- c. Hópbifreiðir.
- d. Leigubifreiðir til mannflutninga.
- e. Bifreiðir sem ætlaðar eru til leigu í atvinnuskyni án ökumanns.
- f. Kennslubifreiðir.
- g. Ökutæki til neyðaraksturs.
- h. Eftirvagna með leyfða heildarþyngd meiri en 3.500 kg.
- i. Létt bifhjól.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. janúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1987-2007, miðbæjarsvæði.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Ísafjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 8. desember 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1987-2007 frá 31. október 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- 1) Pollgata tengist Skutulsfjarðarbraut með hringtorgi.
- 2) Mjallargata og Mánagata eru framlengdar að Pollgötu.
- 3) Silfurgata tengist Aðalstræti og Hafnarstræti um Silfurtorg.

Bæjarstjórn Ísafjarðar tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 10. janúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.